

Nd.

75. Frumvarp til laga

[67. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Helgi Bergs, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson,
Ingvar Gíslason.

1. gr.

Staffliður A í 15. gr. laganna orðist svo:

A. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu þannig, að samanlagðar fyrningar á hverjum tíma nemi hundraðshluta af endurkaupsverði, sem svarar til þess hluta, sem liðinn er af fyrningartímanum.

Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu og viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og skal hann einnig árlega gefa út reglur um það, hvernig endurkaupsverð eigna telst hafa breytt frá ári til árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að þegar sífelld verðbólga ríkir, verður það regla, að þegar fyrningu eigna, sem miðuð er við kostnaðarverð, lýkur, nægja þeir fjármunir, sem til eru orðnir í fyrningarsjóði, aðeins til endurnýjunar á hluta af þeirri eign, sem um ræðir.

Þegar til á að taka, kemur þannig í ljós, að bókhaldið hefur raunverulega verið rangt og óbókfært tap hefur verið á rekstrinum, sem nemur því, sem á skortir, að hægt sé að endurnýja eignirnar með eðlilegum hætti. Augljóst er, að þetta getur ekki gengið til frambúðar. Töpin verða ekki umflúin með því að neita að skrá þau. Og með þessum hætti getur enginn rekstur endurnýjað fastafjármuni sína.

Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til að ráða á þessu bót. Var heimilað að endurmeta eignir, sem keyptar voru fyrir 1962, til nýs verðlags og nota hið nýja verðlag sem fyrningarstofn.

Þetta var auðvitað til mikilla bóta, en aðeins í bili, því að fljótt sótti í sama horf. Flm. eru þeirrar skoðunar, að ekki sé nóg að breyta mati þannig einu sinni eða öðru hverju, heldur þurfi að haga fyrningum frá ári til árs í samræmi við breytingar á endurkaupsverði eignanna.

Því er lagt til með frv. þessu, að heimilaðar séu þær fyrningarreglur, að fyrningarsjóðir nægi raunverulega til að endurnýja hina fyrndu eign. Gert er ráð fyrir, að fjármálaráðherra gefi árlega út reglur, eins konar vísitölur, um það, hvernig endurkaupsverð ýmissa tegunda fastafjármuna telst hafa breytt, og fyrning hvers árs nemi svo þeim hundraðshluta af endurkaupsverðinu, sem svarar til endingartíma eignarinnar, að viðbætti eða frádreginni þeirri upphæð, sem þarf til að færa fyrningar fyrri ára til samræmis við hið nýja endurkaupsverð.

Aðrar breytingar felur þetta frv. ekki í sér.